

Múlaþing
Lyngáasi 12,
700 Egilsstaðir

Garðabær, 2. janúar 2024
Málsnúmer: 202311-0035
LA

Efni: Umsögn um nýtt deiluskipulag fyrir smávirkjun við Gestreiðarstaðaháls, Múlaþingi

Vísað er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 21. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt deiluskipulag fyrir smávirkjun við Gestreiðarstaðaháls í Múlaþingi.

Skipulagssvæðið er um 39 ha að stærð og nýta á vatn í Langadalsá sem rennur um norðanverðan Gestreiðarstaðaháls til að framleiða 50-60 kW orku. Smávirkjun felur í sér, 1 m háa stíflu, um 200 m² inntakslón í gili, niðurgrafnar pípur, 10 m² stöðvarhús og niðurgrafinn rafstreng ásamt ljósleiðara um 1,2 km leið frá stöðvarhúsi að fjarskiptastöð. Smávirkjunin er fyrst og fremst ætluð til að rafmagnsvæða fjarskiptastöð á Gestreiðarstaðahálsi, en til þess þarf að jafnaði um 5 kW orku. Afgangorka, 45-55 kW, verður mögulega nýtt fyrir ferðaþjónustu með uppbyggingu á áningarsvæði við gatnamót Þjóðvegur nr. 1 og Vopnafjarðarvegur, og verður þá lagður rafstrengur frá stöðvarhúsi eftir endilöngum dalnum að bílplaninu. Þessi möguleiki er settur fram í nýju deiluskipulagi og því líklegt að til framkvæmda komi þar sem orkuframboð verður til staðar.

Náttúrufræðistofnun hefur áður gefið umsagnir vegna smávirkjunar við Gestreiðarstaðaháls, þ.e. 3. febrúar og 23. júní 2023, þar sem m.a. kemur fram að skoða ætti aðrar leiðir við orkuöflun fjarskiptastöðvarinnar sem ekki fela í sér jafn mikið risk á öröskuð landsvæði eins og fram kemur í skipulagslýsingu.

Náttúrufræðistofnun telur að við lagningu jarðstrengja verði umhverfisáhrif á gróður töluverð en ekki lítil eins og fram kemur í töflu 1, þar sem lagning strengja mun valda riski á vel grónum dal með fjölbreytilegum vistgerðum (sjá meðfylgjandi drónamynd tekin í ágúst 2023). Sá möguleiki að nýta umframorku og leggja jarðstreng frá stöðvarhúsi að bílplani við Þjóðveg 1 mun raska gróðri og vistgerðum enn frekar. Ef þessi möguleiki verður nýttur væri nær að leggja jarðstreng í malarása sem næst Þjóðvegi, norðan við Langadalsá og koma þannig í veg fyrir frekara risk á gróðurþekju. Þá mun lagning jarðstrengs upp á Gestreiðarstaðaháls kalla á slóða við lagningu, en allt risk á yfirborði upp hálsinn kemur til með að vera sýnilegt og raska landslagi og ásýnd svæðisins. Skipulagssvæðið er nær óraskað og því verða heildaráhrif framkvæmda mikil.

Fram kemur að vatnsorkan sé mikilvæg fyrir fjarskiptastöðina en ekki er fjallað um hvort smávirkjunin komi til með að framleiða nægilegt rafmagn yfir köldustu vetrarmánuði.

Um er að ræða ríkisjörð en ekki kemur fram hvort samþykki landeiganda liggi fyrir framkvæmdum.




Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en vísar í eldri umsagnir stofnunarinnar um smávirkjun við Gestreiðarstaðaháls.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið



Horft til suðvesturs, Gestreiðarstaðaháls á vinstri hönd og þjóðvegur til hægri. Ljósmynd: IAS, tekin 14. ágúst 2023.

